

Borgarstjórn Reykjavíkur

19. október 2021

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um neyðarathvarf fyrir heimilislausar konur

Borgarstjórn samþykkir að koma aftur á fót nýju neyðarathvarfi fyrir heimilislausar konur sem starfrækt yrði samkvæmt skaðaminnkandi nálgun og verði í formi herbergjagistingar. Líkt því sem var komið á í Skipholti sem neyðarhúsnæði vegna COVID-19 faraldursins en hefur nú verið lokað.

Greinargerð

Þann 8. apríl 2020 undirrituðu félagsmálaráðherra og borgarstjóri samning um tímabundinn stuðning félagsmálaráðuneytisins við neyðarhúsnæði og þjónustuúrræði á vegum Reykjavíkurborgar fyrir tiltekna hópa vegna COVID-19. Með samningnum veitti félagsmálaráðuneytið Reykjavíkurborg fjármagn m.a. til þess að auka stuðning og þjónustu við heimilislausa einstaklinga með fjölþættan vanda. Tvenns konar neyðarhúsnæði var sett á laggirnar á grundvelli samningsins og var annað neyðarhúsnæðið í Skipholti fyrir heimilislausar konur með fjölþættan vanda. Reykjavíkurborg tók þá gistiheimili í Skipholti á leigu með pláss fyrir allt að 15 konur og voru að lágmarki tveir starfsmenn þar á vakt.

Neyðarhúsið í Skipholti hafði þá sérstöðu umfram önnur hefðbundin neyðarskýli að vera herbergjagisting. Þar voru konur með sitt eigið herbergi þar sem öryggi þeirra var tryggt og þær gátu haft eigur sínar í friði. Þá höfðu þær einnig sér baðherbergi. Neyðarhúsið var jafnframt opið allan sólarhringinn vegna aðstæðna og því höfðu konurnar meiri stjórn á því hvernig þær ráðstöfuðu degi sínum en ella.

Aðsókn í úrræðið var mikil og það var upplifun starfsfólks að herbergjagistingar fyrirkomulagið reyndist þjónustuþegum betur en hið hefðbundna neyðarskýli. Þá sérstaklega til að aðlaga sig aftur að sjálfstæðri búsetu. Einnig væru þjónustuþegarnir sjálfir ánægðari með þetta fyrirkomulag og þætti það valdeflandi. Mikil þekkingaröflun átti sér stað með tilkomu þessa þjónustuúrræðis. Þessi þekking kann að reynast mikilvæg til að þróa og bæta enn frekar þjónustu við þennan hóp í framtíðinni.

Heildarkostnaður neyðarhússins í Skipholti, en þá er átt við launa- og rekstrarkostnað ásamt kostnaði við markaðsleigu, var um 10 m.kr. á mánuði eða um 120 m.kr. á ári fyrir allt að 15 konur. Ætla má að sama kostnaðarmat gildi fyrir þessa tillögu að því gefnu að viðkomandi húsnæði yrði tekið á leigu frekar en keypt. Utgjaldauki vegna tillögunnar verði þá fjármagnaður af liðnum ófyrirséð kæmist hún í framkvæmd á þessu ári, ellegar færi kostnaðurinn inn á fjárhagsáætlun næsta árs.

Tillagan fellur vel að stefnu Reykjavíkurborgar um að fylgja húsnæði fyrst aðferðafræðinni (e. housing first) í málefnum heimilislausra. Raunar mun betur en hið hefðbundna neyðarskýli þar sem herbergjagistingar fyrirkomulagið sem var í Skipholti átti meira sameiginlegt með því fyrirkomulagi sem ríkir á Stúdentagörðum en í hefðbundnum neyðarskýlum. Húsnæði fyrst aðferðafræðin kveður á um að öruggt þak yfir höfuðið sé bæði grunnþörf og grundvallarmannréttindi. Aðeins þegar þessari grunnþörf sé mætt, geti einstaklingurinn ráðið við aðrar áskoranir. Heimili er því forsenda fyrir árangri vímuefnaaðferðar eða meðferðar við geðrænum vanda. Áhersla er á lágþröskuldaumhverfi í þjónustu sem byggir á gildum skaðaminnkunar. Það hafa mælst tengsl milli þess að fara í öruggt húsnæði með stuðningi og bættri líkamlegri og andlegri heilsu í kjölfarið í rannsóknum meðal heimilislausra, en heilsa heimilislausra mælist heilt yfir mun verri en í almennu þýði. Þar af hallar sérstaklega á heimilislausar konur en heilsa þeirra mælist einnig verr en karla, auk þess sem konur eru líklegri til að verða fyrir kynferðisofbeldi ofan á annað líkamlegt ofbeldi. Aðferðafræðin húsnæði fyrst er því ekki úr lausu lofti gripin né upplifun starfsfólksins í Skipholti, en rannsóknir hafa

jafnframt sýnt að jákvæð upplifun viðkomandi af valdeflingu og gæði húsnæðis er áhrifaþáttur í bættri andlegri heilsu.

Þjónustuúrræði fyrir heimilislausar konur í Reykjavík

Af öllum sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu hefur Reykjavík verið í fararbroddi hingað til í málaflokknum. Reykjavíkurborg rekur tvö gistiskýli fyrir karlmenn með samtals 40 plássum en Rótin (félag um konur, áföll og vímugjafa) rekur Konukot á grundvelli þjónustusamnings við velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Þar eru 12 pláss og er neyðarskýlinu lokað yfir daginn. Það hallar því á konur þegar kemur að fjölda plássá í neyðarskýlum. Í kortlagningu á fjölda og högum utangarðsfólks í Reykjavík frá árinu 2017 kom fram að 349 einstaklingar væru heimilislausir, þar af 108 konur. Tekið var fram af skýrsluhöfundum að þessi fjöldi væri sennilega vanmat. Þegar litið er til þess að á milli 2005 og 2019 hafði fjöldi kvenna sem leitaði til Konukots nánast þrefaldast (42 konur árið 2005 en 112 árið 2019) og fjöldi gistinátta þeirra nánast fjórfaldast (977 gistinætur árið 2005 en 3616 gistinætur árið 2019) rennir það enn frekari stöðum undir að það kunni að vera meira heimilisleysi meðal kvenna en mælingar sýna, og má því draga þá ályktun að það sé heilmikil eftirspurn eftir úrræðum sem þessu.

¹ Wright, B. J., Vartanian, K. B., Hsin-Fang, L., Royal, N. og Matson, J. K. (2016). Formerly homeless people had lower overall healthcare expenditures after moving into supportive housing. *Health Affairs*, 35(1). Sótt af <https://doi.org/10.1377/hlthaff.2015.0393>

¹ Austin, A. E., Shiue, K. Y., Naumann, R. B., Figgat, M. C., Gest, C. og Shanahan, M. E. (2021). Associations of housing stress with later substance use outcomes: A systematic review. *Addictive behaviors*, 123. Sótt af <https://doi.org/10.1016/j.addbeh.2021.107076>

¹ Winetrobe, H., Wenzel, S., Rhoades, H., Henwood, B., Rice, E. og Harris, T. (2017). Differences in health and social support between homeless men and women entering permanent supportive housing. *Women's health issues*, 27(3), 286-293. Sótt af <https://doi.org/10.1016/j.whi.2016.12.011>

¹ Johnson, G., Ribar, D. C. og Zhu, A. (2017). *Women's homelessness: International evidence on causes, consequences, coping and policies*. <http://dx.doi.org/10.2139/ssrn.2927811>

¹ Aubry, T., Duhoux, A., Klodawsky, F., Ecker, J. og Hay, E. (2016). A longitudinal study of predictors of housing stability, housing quality, and mental health functioning among single homeless individuals staying in emergency shelters. *American journal of community psychology*, 58(1-2), 123-135. Sótt af <https://doi.org/10.1002/ajcp.12067>